

# Snjóflóð á Íslandi veturinn 1987/88

MAGNÚS MÁR MAGNÚSSON

*Veðurstofu Íslands*

*Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík*

Rúmlega 225 snjóflóð voru skráð veturinn 1987-88.

Banaslys varð þann 31. janúar er fimm fjallgöngumenn lentu í snjóflóði við Morsárjökul í A-Skaftafellsýslu. Einn ungur piltur fórst en fjórir félagar hans sluppu óskaddaðir. Allur farangur þeirra lenti í flóðinu.

Annar maður slapp naumlega, er hann lenti í snjóflóði skammt við bæinn Skarð í Dalsmynni.

Við bæinn Selstaði við Seyðisfjörð féll snjóflóð þann fimmtánda apríl á fjárhús og fórust 13 sauðkindur.

Seyðfirðingar fengu á sig nokkur snjóflóð en engar alvarlegar skemmdir urðu.

Í Dalsmynni í S-Þingeyjarsýslu skemmdust girðingar og skógar í nokkrum flóðum, sem féllu í febrúar og apríl.

Í töflunni hér á eftir eru skráð öll þau snjóflóð, sem Veðurstofa Íslands hefur vitneskju um. Heimildarmenn hafa, eins og áður, verið starfsmenn Vegagerðar ríkisins, veður- og snjóathugunafólk Veðurstofunnar, en einnig hafa ýmsir aðrir sent inn upplýsingar.

Ítarlegri upplýsingar um flóðin er hægt að fá á Veðurstofu Íslands.

Rétt er að hvetja fólk, sem verður vart við snjóflóð að tilkynna það Veðurstofunni. Hægt er að fá þar til gerð eyðublöð á Veðurstofunni.

## HEIMILDIR

Snjóflóðaskýrslur Veðurstofu Íslands.

Snjóflóðaskýrslur Vegagerðar ríkisins.

Morgunblaðið.

Dagblaðið.